

Menntastofa Samtaka lønnaðarins

Hvernig kveikjum við áhuga fleiri nemenda?
Getum við leitað á ný mið og jafnað kynjahlutfall?

19. febrúar 2015

- Magni Helgason, mannauðsstjóri hjá ÍAV
- Smiður hjá ÍAV frá 2004-11
- Byggingafræði Bs.c við Háskólann í Reykjavík 2011-13
- Hóf aftur störf hjá ÍAV vorið 2013

Íslenskir Aðalverktakar (ÍAV)

- Hjá ÍAV starfa 260 manns, þar af 200 manns utan skrifstofunnar.
- Starfandi iðnaðarmenn á flestum sviðum:
 - Húsmiðir
 - Rafvirkjar
 - Pípulagningamenn
 - Bifvélavirkjar
 - Járnsmiðir
- 10 nemar við störf í dag, 3,8% af starfsmönnum
- Allir nemar eru karlmenn
- Ekki gengið sem skyldi að fá nema á samning þar sem vinnan getur verið sérhæfð
- Nemar geta fengið reynslu hjá okkur og öðrum fyrirtækjum á námstíma sínum

Eru tækifæri til fjölgunar?

- Fjölgun iðnnema er nauðsynleg og tækifæri til að fjölga konum í stéttinni
- Í byggingariðnaði eru karlmenn í yfirgnæfandi meirihluta
- Þurfum að horfa til þess að fjölga konum í þessari stétt
- Konur hafa margt fram að færa og búa yfir eiginleikum sem nýtast þeim vel í starfi
- Fáar konur hafa starfað hjá ÍAV í gegnum tíðina
- ÍAV er vel í stakk búið að fjölga konum, enda aðstæður á verkstöðum í flestum tilfellum til fyrirmyndar

Vandamál

- Vandamál á byggingavinnustöðum felast í viðhorfi karlmannna
- Skilningsleysi og fordómar karla gagnvart konum koma oft fram í grófum húmor og karlrembu
- Algengt viðhorf að konur hafi ekki það sem til þarf til að starfa í iðnaðarstörfum
- Sama skilningsleysi og fordómar er að finna í skólakerfinu þegar konur ákveða að fara í iðnnám
- Konur vanmeta oft færni sína og halda að þær þurfi að leggja meira á sig heldur en karlmenn
- Konum er frekar att út í bóklegt nám

Tækifæri fyrir konur

- Aðstæður til iðnnáms í skólum í dag eru góðar fyrir konur
- En bæta má hugarfar samfélagsins
- Þarf að gera átak í að auglýsa námið og gera það sýnilegra með konum innanborðs
- Mikilvægt að upplýsa kennara og stjórnendur um kynjajafnrétti í iðnnámi
- Konur þurfa að finna fyrir því að þær eru velkomnar í iðnnám
- Slík hugarfarsbreyting getur tekið langan tíma

Fjölga nemendum í iðnnámi

- Hvetja nemendur að læra það sem þeir hafa áhuga á
- Gera iðnnám og bóknám jafn eftirsóknarvert
- Nemendur eiga að hafa sömu möguleika með sveinsprófi og stúdentsprófi
- Til þess þarf að lengja iðnnám til að jafna það við stúdentspróf
- Með iðnnámi þarf að taka aukagreinar til að komast í háskólanám, það hefur fælingaráhrif
- Iðnnám er kjörinn grunnur fyrir framhaldsnám í verk- og tæknigreinum á háskólastigi
- Auka þarf fræðslu um að iðnnám sé hagnýtur grunnur til háskólanáms í verk- og tæknigreinum
- Iðnnám er í mörgum tilfellum betri grunnur en bóknám til þessara háskólagreina

Hagur fyrirtækja og iðnnema

- Mikilvægt að öll fyrirtæki taki nema á samning
- Það er nemum nauðsynlegt að öðlast starfsreynslu samhliða námi
- Starfsmenn innan fyrirtækja miðli reynslu sinni til iðnnema
- Hagur fyrirtækja felst í endurnýjun iðnaðarmanna, sú endurnýjun hefst með iðnnemum.

Takk fyrir